



Lokaskýrsla

Barnvæns sveitarfélag

Akureyri 2020



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Aðgerðaráætlun Akureyrarbæjar vegna Barnvæns sveitarfélags 2019-2021	4
2.....	5
3.....	5
4.....	5
5.....	6
6.....	8
7.....	8
8.....	9
9.....	9
Aðgerðaráætlun Akureyrarbæjar	10
Raddir barna	10
Samgöngur	15
Geðheilbrigðismál ungmenna	16
Ungmennaráð	18
Skóla- og nemendaráð	21
Stjórnsýsla	22
Fræðsla	23
Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags	26
Réttindaskóli og Réttindafrístund UNICEF	28
Lokaorð	29
Barnaskýrsla Ungmennaráðs	30

Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir og þau skref skilgreind sem Akureyrarbær hefur ráðist í til að uppfylla þau skilyrði sem fylgja því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Hugmyndin um barnvæn sveitafélög er jafngild í öllum samfélögum þar sem börn búa, hvort sem þau eru stór eða smá, þéttbýl eða dreifbýl. Verkefnið Barnvænt sveitarfélag stuðlar að innleiðingu Barnasáttmálans á þann hátt að áhrifanna gætir mest á börn og ungmenni.

Akureyrarbær hóf verkefnið snemma árið 2017 og var þá stofnaður stýrihópur sem samanstóð af fulltrúum frá flestum stofnunum Akureyrarbæjar sem koma að málefnum barna ásamt pólitískum fulltrúum og fulltrúum úr ungmennaráði. Allar ákvarðanir sem snúa að framkvæmd verkefnisins voru teknar á fundum hjá stýrihóp og síðar af verkefnastjóra verkefnisins sem hafði yfirumsjón með verkefninu. Aðgerðaráætlun barnvæns sveitarfélags var samþykkt í bæjarstjórn þann 22. janúar 2019 og verður hún kynnt hér ásamt því að farið verður yfir stöðu aðgerða og framkvæmd þeirra.

Barnvænt sveitafélag ábyrgist rétt allra barna og ungmenna til að:

- Hafa áhrif á ákvarðanir sem snúa að þeirra sveitarfélagi.
- Tjá skoðanir sínar um sitt sveitarfélag.
- Taka þátt í fjölskyldu-, félags- og menningarlífi.
- Eiga rétt á grunnþjónustu eins og heilbrigðisþjónustu, menntun og öryggi.
- Vera örugg gagnvart misnotkun, ofbeldi og vanrækslu.
- Ganga örugg um götur bæjarins.
- Umgangast vini sína og leika sér.
- Lifa í ómenguðu umhverfi.
- Taka þátt í menningar- og félagslegum atburðum.
- Vera jafn rétt háð öðrum íbúum sveitarfélagsins með aðgang að allri þjónustu, óháð þjóðerni, trú, efnahag, kyni eða fötlun.

Að byggja upp barnvæn sveitarfélög er hagnýtt ferli sem felur í sér virka þátttöku barna. Það verður því að vera samtal við börnin sjálf, við fjölskyldur þeirra og alla þá sem umgangast börn og hafa áhrif á líf þeirra. Akureyrarbær leggur mikla áherslu á virka þátttöku barna og ungmenna í innleiðingu barnvæns sveitarfélags.

Aðgerðaráætlun Akureyrarbæjar vegna Barnvæns sveitarfélags 2019-2021

Aðgerðaráætlunin er fyrsta skrefið í átt að barnvænu sveitarfélagi og er ætlað að styðja við alla þætti stjórnsýslunnar og aðstoða sveitarfélagið við að verða barnvænna á öllum sviðum stjórnarháttá, umhverfis og þjónustu. Markmið aðgerðaráætlunarinnar er að tryggja virka þátttöku barna og að tryggja að sjónarhorn barna séu gerð skil í allri ákvarðanatöku sveitarfélagsins.

Framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar

Hér á eftir verður farið yfir framkvæmd aðgerðaráætlunar Barnvæns sveitarfélags og hvernig framkvæmd hefur verið háttáð til þessa, að auki verður spurningarlista UNICEF um framkvæmdina svarað. Farið verður yfir hverja einstaka aðgerð í áætluninni og staða hennar tíunduð.

Matslisti UNICEF um framkvæmd aðgerðaráætlunar

Hér verður spurningarlista UNICEF um framkvæmd aðgerðaráætlunar Barnvæns sveitarfélags svarað og farið yfir þau atriði sem gengu vel í innleiðingarferlinu ásamt því að farið verður yfir þau atriði sem hefði mátt gera með öðrum hætti. Þá verður farið yfir það hvernig brugðist var við þeim markmiðum sem enn hafa ekki náðst og þær aðgerðir sem enn bíða þess að vera komið í verk og tímaáætlun þeirra kynnt.

1. Hvernig heppnuðust aðgerðirnar, voru þær í anda spurninganna í gátlistunum?

Gátlisti UNICEF var mikið nýttur og hafður til hliðsjónar við gerð aðgerðaráætlunar. Lagt var upp með að vinna að grunni Barnvæns sveitarfélags og var því lögð mikil áhersla á fræðslu og grunnbreytingar í stjórnsýslu með hag barnsins að leiðarljósi. Aðgerðirnar heppnuðust vel og eru nær allar í framkvæmd. Þó eru enn nokkur atriði sem eru í skoðun og er leitað leiða til að koma þeim í framkvæmd með fullnægjandi hætti og sem allra fyrst. Farið verður yfir hverja aðgerð hér neðar en aðgerðirnar eru afrakstur kortlagningar á stöðu barna á Akureyri og að stórum hluta byggðar á niðurstöðum Stórþings ungmenna og rýnihópum barna.

2. Hvaða áhrif hafði innleiðingin?

Innleiðingin hafði þær stóru breytingar í för með sér að ungmenni hafa fengið fastan sess í stjórnkerfi bæjarins og hafa ungmenni úr ungmennaráði tekið sæti í tveimur pólitískum ráðum, frístunda- og fræðsluráði. Ungmennaráð hefur fengið fleiri mál til umsagnar og pólitísk ráð bæjarins kynna mál fyrir ungmennaráði í meiri mæli en áður. Réttindafulltrúar eru nú starfandi innan allra sviða bæjarins og hafa þegar fengið fræðslu um Barnasáttmálann og Barnvænt sveitarfélag. Á næsta fundi sem haldinn verður á vordögum 2020 munu fulltrúar koma með hugmyndir að aðgerðum í næstu áætlun sem þegar er í vinnslu. Tveir Réttindaskólar hafa hafist handa, Naustaskóli og Giljaskóli og tvær félagsmiðstöðvar. Báðir skólar eru þegar með starfandi réttindaráð, hafa lagt fyrir allar kannanir og gert aðgerðaráætlun. Barnvænir gátlistar inn í stjórnkerfið eru tilbúnir og verða kynntir stjórnsýslu innan skamms, stuðst var við gátlista frá Lundi. Enn er verið að endurskoða aðgengi ungmenna að sálfræðipjónustu án milligöngu foreldra eða skóla en stuðst er við önnur úrræði eins og Virkið, opna móttöku ungs fólks á heilsugæslustöðinni, Skólasmiðju og sértækt hópastarf fyrir viðkvæma hópa barna frá 10 ára. Frá þessu er betur sagt hér neðar. Það má því leiða að því líkum að allar þessar markvissu aðgerðir hafi í för með sér að starfsfólk er upplýstara og meðvitaðra um mikilvægi þess að raddir barna heyrist sem víðast í bæjarkerfinu og að hlustað sér á þær þó svo að það muni taka tíma að festa það sjónarmið í sessi. Vika barnsins var haldin í nóvember 2019 og kjörnir fulltrúar tóku vel í það að halda í fyrsta sinn sérstaka viðtalstíma fyrir börn, inn í skólunum á skólatíma. Þau mál sem börnin tóku upp í viðtalstímum fóru í formlegan farveg innan stjórnsýslunnar, eins og önnur mál í hefðbundnum viðtalstímum bæjarfulltrúa. Málin sem tekin voru fyrir voru fjölbreytt og óskuðu börnin til dæmis eftir fleiri ruslatunnum í hverfin, betri lýsingu á skólalóðunum, fleiri listgreinum í skólunum, meira fjármagni í skólabókasöfnin og auknu eftirliti í frímínútum til að sporna við stríðni og einelti.

3. Hvað töldu ólíkir aðilar innan sveitarfélagsins að hafi heppnast vel?

Innleiðingin tókst vel, það var mikill meðbyr með verkefninu þverpólitískt í bænum. Það sem hefði mátt gera öðruvísi væri að byrja með dýpri fræðslu strax í upphafi, bæði á Barnasáttmálanum og tilgangi verkefnisins Barnvænt sveitarfélag. En að öðru leyti gekk flest vel. Á þessum tímamarki er mikilvægt að fylgja fræðslunni eftir.

4. Hvert var mat barna og ungmenna sem unnu með stýrihópnum að verkefninu?

Ungmennaráð upplifði að rödd þeirra hefði fengið meira vægi og verkefnum á þeirra könnu fjölgaði gríðarlega. Hins vegar er enn á stundum barátta við táknræna þátttöku þeirra, þar sem þau eru kölluð seint að borðinu eða þegar allar raunverulegar ákvarðanir hafa verið teknar. Þau hafa hins vegar lýst yfir ánægju sinni með það í verkefninu að þau eru að sjá breytingar í rauntíma og það skiptir miklu máli. Þau finna það að þau geta haft áhrif og á þau er hlustað núna. Þegar vinna við verkefnið hófst var það óþekkt innan kerfisins að raddir barna hafi vægi og að á þau beri að hlusta, nú þegar hefur orðið töluverð breyting á.



Mynd frá Viku Barnsins 2019 þar sem ungmennaráð afhenti Ásthildi bæjarstjóra yfir 2000 athugasemdir barna Akureyrar. Mynd: Akureyri.is

5. Hvernig meta hinir fullorðnu í stýrihópnum tækifæri barna og ungmenna til að taka þátt í verkefninu?

Tækifæri ungmennaráðs til þátttöku eru fleiri og stundum full mörg. Þau hafa skipulagt og stýrt Stórþingi ungmenna, hafa sent inn athugasemdir vegna snjómoksturs í bænum og hafa tekið þátt í að endurskoða leiðarkerfi strætó. Þau hafa fengið stór mál til kynningar og umsagnar, eins og til dæmis mál sem snúa að skipulagsmálum, fjárhagsáætlanagerð ásamt því

að fá til umsagnar bæði Menntastefnu og Mannréttindastefnu Akureyrarbæjar. Þá hafa þau skipulagt viðburði og spiluðu stórt hlutverk í Viku barnsins á Akureyri ásamt því að undirbúa bæjarstjórnarfund unga fólksins sem haldinn var í annað sinn þann 10. mars 2020. Þau tóku eftirfarandi átta erindi fyrir á bæjarstjórnarfund:

1. Jöfn tækifæri óháð búsetu.
2. Frítt í sund fyrir börn á Akureyri.
3. Áheyrnarfulltrúar í helstu ráð Akureyrar.
4. Aukin fræðsla í skólum Akureyrar.
5. Tæknilæsi ungmenna.
6. Geðheilbrigði ungmenna.
7. Umhverfisvæn Akureyri.
8. Ungir þolendur kynferðisofbeldis.

Það hefur verið óskað eftir hugmyndum frá ungmennaráði að ýmsum verkefnum og eiga ungmenni fulltrúa í ýmsum nefndum, til dæmis vinnuhóp um heilsueflandi samfélag og fagnefnd Barnamenningarhátíðar.



Mynd frá bæjarstjórnarfundungi unga fólksins 2019. Mynd: Akureyri.is

6. *Stuðlaði verkefnið að barnvænni stjórnsýslu eða nálgun við málefni innan sveitarfélagsins og þvert á svið þess; hvernig heppnaðist að innleiða verkefnið með heildrænum hætti innan sveitarfélagsins?*

Nálgun á málefnið hefur breytt forgangi verkefna innan stjórnsýslunnar. Nú þegar vill bæjarstjóri beita sér fyrir því að ungmennaráð fái fulltrúa í öll pólitísk ráð bæjarins, en fulltrúar ungmennaráðs eiga nú sæti í frístundaráði og fræðsluráði. Sviðsstjórar skipulagssviðs, stjórnsýslusviðs, fræðslusviðs og samfélagssviðs hafa haldið kynningarfundum með ungmennaráði. Raddir þeirra hafa fengið ótvírætt meira vægi í allri stjórnsýslu en halda þarf fast um taumana ef það á að verða til frambúðar og þar koma barnvænu gátlistar Akureyrar til sögunnar. Allir sviðsstjórar og kjörnir fulltrúar munu fá fræðslu í notkun gátlistanna. Með aukinni fræðslu er meiri meðvitund um barnvæna stjórnsýslu. Þá er einnig mikilvægt að þeir starfsmenn sem sinna störfum sem snúa ekki beint að málaflokkum sem snerta málefni barna og ungmenna fái fræðslu um réttindi barna og verkefnið Barnvænt sveitarfélag.

7. *Hvernig tóku íbúar sveitarfélagsins eftir að innleiðing verkefnisins var í gangi?*

Mikið var notast við staðbundna fréttamiðla. Vefur Akureyrar fjallaði mikið um verkefnið ásamt því að nokkur verkefni fóru fram með og fyrir ungmenni bæjarins með vísan í Barnvænt sveitarfélag sem vakti mikið umtal og skilaði sér frá börnum og til foreldra. Einnig var fjallað um verkefnið á RÚV, bæði í fréttum og krakkafréttum og á sjónvarpsstöðinni N4. Að auki var stofnuð facebook síða um verkefnið. Fræðsla hefur farið fram innan allra sviða bæjarins og innan hópa barna. Skólastjórnendur og starfsfólk fræðslusviðs fékk sérsniðna fræðslu þar sem bætt var við fræðslu um Réttindaskólann og Réttindafrístund. Starfsfólk Umhverfismiðstöðvar (áholdahúss bæjarins) fékk allt fræðslu og allt starfsfólk Sundlauga Akureyrarbæjar fékk einnig fræðslu. Allir starfsmenn Vinnuskóla Akureyrar, þar með talið flokkstjórar, fengu fræðslu um verkefnið, að auki hefur leikskólum verið boðið upp á fræðslu um verkefnið og Barnasáttmálann. Kynningar hafa farið fram á foreldrafundum grunnskóla, á starfsdögum grunnskóla og leikskóla og fyrir nemendur og kennara innan Háskólans á Akureyri. Verkefnisstjóri Barnvæns sveitarfélags og starfsmenn barnaverndar fara með fræðslu inn í alla skóla Akureyrar þar sem unninn hefur verið fræðslupakki sem snýr að réttindum barna, tilkynningarskyldunni og afleiðingum ofbeldis. Þá kynnti ungmennaráð starfsemi sína og þau verkefni sem þau eru að vinna að innan allra grunnskóla Akureyrar og

innan beggja framhaldsskólanna ásamt því að verkefnið var kynnt þátttakendum á Stórþingi ungmenna á Akureyri.



Mynd frá Stórþingi Ungmenna sem haldið var í september 2019. Rán Flygering teiknaði.

8. *Voru tilnefndir einstaklingar innan stýrihópsins/sveitarfélagsins sem fylgdust sérstaklega með hvernig gekk að ná markmiðum aðgerðaáætlunarinnar?*

Já, ráðinn var verkefnisstjóri Barnvæns sveitarfélags sem sá um að fylgja eftir markmiðum aðgerðaráætlunarinnar og var í samskiptum við hlutaðeigandi aðila varðandi ábyrgð þeirra á ákveðnum verkefnum. Að auki skipaði hvert svið bæjarins svokallaða réttindafulltrúa sem bera ábyrgð á því að verkefninu sé fylgt eftir innan þeirra sviða, kalla eftir fræðslu sé þess þörf og koma með hugmyndir að framtíðarverkefnum sem Barnvænt sveitarfélag ætti að einbeita sér að.

9. *Hvaða lærdóm má draga af innleiðingu verkefnisins? Hverju er mikilvægt að halda til haga vegna framtíðar verkefnisins?*

Verkefnið hefur gengið stóráfallalaust fyrir sig en þó má gæta að því að kynning og fræðsla á Barnasáttmálanum og Barnvænu sveitarfélagi er algjört grundvallaratriði og þarft að fara snemma af stað með meiri þunga. Ábyrgðarhlutverk og umsjón ákveðinna einstaklinga þarf

að vera algjörlega skýrt frá upphafi. Fræðslan þarf að vera regluleg og því er mikilvægt að halda til haga í framtíðinni.

Aðgerðaráætlun Akureyrarbæjar

Aðgerðaráætlunin byggir á niðurstöðum kortlagningar á velferð og réttindum barna á Akureyri. Í kortlagningarferlinu komu fram mörg atriði sem áttu heima í aðgerðaráætluninni og er tilgangurinn að innleiða verklag í stjórnslu bæjarins sem miðar að því að tryggja réttindi barna og tryggja að starfsfólk bæjarins geti hafist handa við að vinna með Barnasáttmálann með hagnýtum hætti. Hér verður farið yfir stöðu verkefna og aðgerða í aðgerðaráætlun Akureyrarbæjar og staða verkefna, sem enn hefur ekki verið komið í framkvæmd, rökstudd.

Raddir barna

Ábyrgð: Sviðsstjóri samfélagssviðs og sviðsstjóri fræðslusviðs

1. Unnið verði að því að auka almenna fræðslu fyrir ungmenni innan skólanna í samráði við ungmennin sjálf. Dæmi: stjórnsmálafræðslu, kynfræðslu, forvarnafræðslu, jafnréttisfræðslu, umhverfisfræðslu eða fræðslu um önnur samfélagsmál eftir óskum barnanna.

• Kannað verði meðal barna og ungmenna hvar mestur áhugi liggur á almennri fræðslu.

Tímarammi: Lokið í maí 2019.

Staða: Í samvinnu við forvarna- og félagsmálaráðgjafa Félagsmiðstöðva Akureyrar var áhugi ungmenna á almennri fræðslu kannaður. Var það kannað í félagsmálavali innan allra grunnskóla Akureyrar ásamt því að starfsmenn Vinnuskólans voru einnig spurðir og var niðurstaðan í takt við niðurstöður Stórþings ungmenna þar sem helst var óskað eftir fræðslu um: kynlíf, klám, fjármál, jafnréttismál, stjórnsmál og umhverfismál.

• Skipulag námskeiða/fræðslu fyrir grunnskólabörn verði gert í samstarfi við ungmennaráð á grundvelli niðurstaðna úr könnun.

Tímarammi: Fræðsluáætlun keyrð eitt ár í senn.

Staða: Veturinn 2019-2020 buðu Félagsmiðstöðvar Akureyrar upp á eftirfarandi fræðslur:

2. bekkur:

Krakkarnir í hverfinu: Fræðslusýning sem ætlað er að auðvelda börnum að segja frá kynferðislegu ofbeldi sem þau verða fyrir.

3. bekkur:

Leyndarmálið: Forvarnarfræðsla um kynferðislega misnotkun gegn börnum.

5. bekkur:

Netið og ég: Fræðsla um það hvernig netið virkar og hvað tilheyrir því. Fjallað er um hvernig sjálfsmynd fólks speglast í samskiptamiðlum og svo í raunheiminum.

6. bekkur:

Ég, þú og við: Fyrirlestur um þær breytingar sem fylgja því að verða unglingur, bæði líkamlegar og andlegar. Auk þess er rætt um mismunandi líðan, s.s gleði, leiða og kvíða.

7. bekkur:

Samskipti á netinu: Fræðsla um neteinelti og skaðlegar afleiðingar þess. Farið er yfir hvernig sjálfsmynd okkar mótast af því hvernig viðbrögð við fáum frá öðrum á netinu og hversu mikilvæg viðurkenning annarra er fyrir okkur þar borið saman við daglegt líf.

Hinsegin fræðsla: Fræðsla um mismunandi fjölskyldumynstur, mismunandi kynhegðun fólks, hvað þýðir hinsegin, hvenær kemur það í ljós hvort maður er hinsegin eða ekki og hvað er þá gott að gera.

Vape fræðsla: Forvarnafræðsla um rafsígarettur. Farið er yfir sögu tóbaks í stuttu máli, hvernig tóbak var markaðssett á sínum tíma og hvernig rafsígarettur birtast okkur í dag.

8. bekkur:

Vímuefnafræðsla: Fyrirlestur um fíkn og áhættuhegðun, jafnvel hugsun sem leiðir að neikvæðri áhættuhegðun. Farið er yfir þær upplýsingar sem hægt er að hafa uppi á netinu, trúverðugleika þeirra og almennt um mögulegar afleiðingar vímuefnanotkunar.

Kynlífsfræðsla: Sigga Dögg kom til Akureyrar og fræddi nemendur í 8. bekk um kynlíf. Kynfræðsla hefur ekki þróast í takt við tæknina og enn skortir grundvallarskilning á því hvað felst í kynlífi og hvernig kynfærin starfa. Börn og unglingar hafa þörf fyrir opnar samræður um kynferðisleg málefni. Það styrkir kynvitund þeirra og býr þau undir að stunda kynlíf á sínum eigin forsendum þegar þau eru tilbúin til þess.

Netímynd: Hvernig netímynd kjósum við að birta af okkur sjálfum, hversu sönn er sú birtingamynd og hvaða tilgangi þjónar hún? Okkur er eðlislægt að bera okkur saman við aðra, út frá þeim samanburði byggist m.a. sjálfsmynd okkar. Birtingamynd fólks getur verið ansi glæsileg á netinu og erfið til samanburðar við hið raunverulega hversdagslegt líf, þess vegna er mikilvægt að átta sig á og vera meðvitaður um að sú ímynd sem birtist okkur er ekki endilega 100% sönn.

9. bekkur:

Hinsegin fræðsla: Fyrirlestur þar sem farið er í sambönd, ást og kynhneigð, hvað þýðir þetta fyrir okkur og hvernig er birtingarmyndin. Aðeins rætt um fordóma og upplifun fólks á að “koma út úr skápnum”. Í stóra samhenginu erum við öll eins, lang flest í leit að hinu sama; nánd með annarri manneskju, sama hver hún er.

Geðheilbrigði: Geðfræðsla Grófarinnar, stuðlar að aukinni þekkingu hjá ungmennum í grunn- og framhaldsskólum. Þá fara tveir einstaklingar úr Grófinni og fræða ungmenni um reynslu sína; batann, bjargráð og hvað er mikilvægt að gera ef andleg veikindi eða vanlíðan eiga sér stað og hvar má leita stuðnings úr umhverfinu. Grófin – geðverndarmiðstöð starfar samkvæmt hugmyndafræði valdeflingar þar sem áherslan er á að einstaklingurinn taki ábyrgð á eigin bata og að öll vinna fari fram á jafningagrundvelli. Innan Grófarinnar starfar einnig Unghugahópur.

Jafnréttisfræðsla: Þorsteinn V. frá Karlmennskunni ræðir hvernig karlmenn og drengir glíma við óraunhæfar staðalmyndir karlmenskunnar sem krefur þá um tiltekna hegðun, viðhorf og útlit. Afleiðingarnar eru vanlíðan, óhamingja, kynbundið námsval, starfsval, launamunur, ofbeldi og ójafnrétti sem bitnar á samfélaginu öllu, körlum og konum. Lausnin er meðal annars að hrista upp í og víkka út viðteknar karlmenskuhugmyndir. Þannig losna karlmenn, konur og samfélagið allt úr álögum karlmenskunnar.

10. bekkur:

Markmiðasetning: Þorgrímur Þráinsson ræðir markmiðasetningu fyrir ungt fólk, hversu mikilvægt það er að setja sér markmið og skrefin í átt að því markmiði. Allir þurfa á “auka æfingunni” að halda til þess að verða betri, í hverju sem er. Hann ræðir að auki mikilvægi þess að velja nám og starf út frá áhugasviði hvers og eins og kostum þess að skipuleggja sig vel.

Vímuefnafræðsla: Vímuefnafræðsla í formi leiks þar sem komið er inn á mismunandi vímugjafa og skaðsemi þeirra. Leikurinn býður upp á miklar umræður. Vímuefnafræðslan er kynjaskipt.

Eining-iðja: Starfsfólk Einingar-Iðju fer yfir mikilvægar upplýsingar fyrir ungt fólk á vinnumarkaði. Hver eru réttindi þeirra, hvernig virkar skattkortid og launaseðill og fleiri upplýsingar er tengjast því að fara á atvinnumarkaðinn í fyrsta sinn.

Fjármálavit: Starfsfólk bankanna fer inn í skólana og leggur verkefni fyrir nemendur þar sem þau þurfa að setja sig í spor einhvers með fjárráð, meta hvað er nauðsynlegt og hvað gæti þurft að víkja ef eitthvað kæmi upp á fjárhagslega. Með æfingunni læra nemendur hvað telst til nauðsynja og hvað sem munaður og hvernig þeir þurfa að haga peningamálum eftir fjárhag hverju sinni.

Kynfræðsla: Forvarna- og félagsmálaráðgjafar setjast niður með kynjaskiptum hóp, spilastokkur með spurningum tengdum kynlífi frá unglíngunum er látinn ganga þar sem hver og einn les upphátt eina spurningu og svarar í samvinnu við hópinn. Forvarna- og félagsmálafulltrúi leiðir umræðurnar. Markmiðið með umræðunni er að auka þekkingu þeirra og meðvitund um heilbriggt kynlíf en rannsóknir hafa sýnt að aukin kynfræðsla ýtir ekki undir kynlíf heldur þvert á móti, dregur úr áhættuhegðun tengda kynlífi.

Þá buðu Félagsmiðstöðvar Akureyrar upp á málþing fyrir foreldra og starfsfólk sem vinnur með börnum um kynlíf og klám undir yfirheitinu: *Í hvaða heimi lifa börnin okkar?*



Mynd frá Stórþingi Ungmenna 2019. Ungmennu kalla eftir meiri fræðslu. Rán Flygering teiknaði.

2. Börnum og ungmennum verði gert kleift að koma á framfæri tilkynningum um mál er þau varða til sveitarfélagsins.

- Unnið verði að hönnun á viðmóti þar sem börn og ungmenni geta komið á framfæri athugasemdum eða tilkynningum til bæjarins um mál er þau varða. Skilgreina þarf umsjónarmenn með ábendingunum og ferli fyrir ábendingar innan stjórnkerfisins.

Tímarammi: Lokið árið 2019. Tekið í notkun vorið 2020.

Staða: Notast verður við ábendingarhnapp inn á Akureyri.is þar sem allar ábendingar fara í formlegt ferli innan stjórnsýslunnar. Ábendingarhnappurinn verður kynntur á sama tíma og farið verður með fræðslu inn í alla skóla um Barnasáttmálann og tilkynningarskylduna. Að auki verður kynnt ný síða barnaverndar sem unnin var út frá aðgerðaráætlun barnvæns sveitarfélags og verkefnið barnvænt sveitarfélag.

- Viðmótið verði kynnt fyrir börnum og ungmennum í bænum og þau hvött til að koma á framfæri ábendingum til bæjarins varðandi málefni er skipta þau máli.

Tímarammi: Lokið vorið 2020.

Staða: Fræðsla fer af stað á vordögum 2020 í samvinnu við skólastjórnendur og sviðsstjóra fræðslusviðs.

3. Börn og ungmenni verði höfð með í ráðum þegar þjónusta er endurskipulögð og þegar unnið er að stefnumótun málaflokka er varða þau. Við stefnumótunarvinnu eru ungmenni markvisst kölluð að borðinu og fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

- Verkferlar þróaðir fyrir stjórnsýslu og stofnanir sveitarfélagsins sem tryggja að ákvarðanir og stefnumótun er varðar börn séu send til umsagnar hjá ungmennaráði.

Tímarammi: Verkferlar þróaðir á árinu 2019. Unnið eftir verklagi árið 2020.

Staða: Gátlistar (verkferlar) Akureyrar hafa verið þróaðir og eru tilbúnir til notkunar. Kjörnir fulltrúar og sviðsstjórar fá fræðslu í notkun gátlistanna og þeir verða teknir í notkun vorið 2020.

- Stefnumótunarþing verði haldið með hópi barna og ungmenna þegar um er að ræða stefnumótun sem hefur veruleg áhrif á líf barna s.s. skólamál og frístundastarf.

Tímarammi: Á árinu 2019 verði gerð tilraun með stefnumótunarþing.

Staða: Árið 2017 og 2019 voru haldin Stórþing ungmenna þar sem ungmenni fengu tækifæri til að láta raddir sínar heyrast og voru niðurstöður þingsins nýttar við gerð aðgerðaráætlunar Akureyrarbæjar og þar með var unnið að stefnumótum í málefnum ungmenna. Að auki hélt ungmennaráð Bæjarstjórnarfund unga fólksins 2019 og verður það endurtekið árlega en þar fá ungmenni tækifæri til að koma þeim málefnum sem þau brenna fyrir á framfæri. Árið 2019 voru málefni ungmennaráðs fjölbreytt og má þar helst nefna; Bættar samgöngur og skilvirkara leiðarkerfi strætisvagna, áheyrnarfulltrúa í helstu ráð og nefndir bæjarins, greiðslur til fulltrúa í ungmennaráði, Akureyri í fararbroddi í umhverfismálum og umhverfisvænar tíðarvörur í grunnskólum. Öll málin fóru í formlegan farveg innan stjórnkerfisins og hefur leiðarkerfi strætó nú þegar verið endurskodað og ungmennaráð fær nú greitt fyrir fundarsetu.



Mynd frá Stórþingi ungmenna. Það er mikilvægt að fullorðnir leiti áhlits barna og hlusti. Rán Flygering teiknaði.

Samgöngur

Ábyrgð: Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs

Ríkara samráð verði haft við börn og ungmenni varðandi samgöngumál, sérstaklega er varðar snjómokstur og áætlanakerfi strætisvagna.

- Verklag fyrir snjómokstur verði endurskoðað í samráði við börn og ungmenni

Tímarammi: Reglubundinn samráðsvettvangur vegna verklags um snjómokstur undirbúinn og prófaður skólaárið 2019 -2020.

Staða: Ungmennaráð fékk til umsagnar verklag Umhverfismiðstöðvar fyrir snjómokstur og kom með níu athugasemdir og tillögur að breytingum. Átta af þeim voru samþykktar og breytingar voru strax gerðar á verklagi.

- Skólaleiðir verði í forgangi í verkáætlun um snjómokstur

Tímarammi: Verkáætlun um snjómokstur endurskoðuð með tilliti til skólaleiða skólaárið 2019 - 2020.

Staða: Athugasemdir og tillögur ungmennaráðs vegna verklags Umhverfismiðstöðvar fyrir snjómokstur settu skólaleiðir barna í forgang, því var breytt og eru skólaleiðir nú í forgangi snjómoksturs.

- Endurskoðun á leiðakerfi Strætisvagna Akureyrar (SVA) verði unnin í samstarfi við fulltrúa ungmennaráðs, út frá þörfum ungmenna með tilliti til skóla og tómsunda.

Tímarammi: Tillögum safnað að vori 2019.

Staða: Endurskoðun á leiðarkerfi Strætisvagna Akureyrar fór fram haustið 2019 og vann þá ungmennaráð spurningarlista með stýrihóp verkefnisins, sem lagður var fyrir ungmenni í Félagsmiðstöðvum Akureyrar (13 – 16 ára) og í báðum framhaldsskólunum (16 – 20 ára). Þá fóru fram rýnihópar barna á miðstigi innan grunnskólanna (10 – 13 ára). Endurskoðað leiðarkerfi ætti að taka við haustið 2020.

Geðheilbrigðismál ungmenna

Ábyrgð: Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og sviðsstjóri fræðslusviðs

Heildstæð skoðun verði gerð á geðheilbrigðisþjónustu barna og ungmenna til þess að tryggja að gagnreyndar forvarnir séu til staðar. Ráðast skal í aðgerðir sem tryggja bætt aðgengi barna og ungmenna að geðheilbrigðisþjónustu. Unnið markvisst að forvörnum með því að nýta gagnreynt geðræktarstarf í leik- og grunnskólum með þrepaskiptu stuðningskerfi.

- Gert verði stöðumat á geðheilbrigðismálum barna og ungmenna þar sem sérstaklega er kannað hvort ákveðnir hópar barna séu verr staddir en aðrir og gerð áætlun um aðgerðir sem miða að því að bæta aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu, bæta geðheilbrigði og tryggja forvarnir sem taka mið af gagnreyndum aðferðum. Leitað skal samstarfs við HSN.

Tímarammi: Stöðumat liggja fyrir vorið 2020.

Staða: Verkefnið er í vinnslu hjá sviðsstjórum samfélagssviðs, fjölskyldusviðs og fræðslusviðs.

- Unnið verði að því að öll börn fái aðgang að sálfræðiþjónustu án milligöngu foreldra, heimilislækna og annarra.

Tímarammi: Tillögur að opinni sálfræðiþjónustu liggja fyrir í árslok 2019.

Staða: Þessi aðgerð hefur ekki náðst og enn liggja ekki fyrir tillögur að opinni sálfræðiþjónustu. Hins vegar eru ýmis úrræði í boði fyrir börn og ungmenni á Akureyri sem farið verður yfir, en markmiði telst þó enn ekki náð og er mikilvægt að finnist lausn á því hið fyrsta. Þau úrræði sem eru í boði í dag fyrir börn og ungmenni á Akureyri eru, Virkið á Akureyri sem þjónustar ungmenni á aldrinum 16 – 25 ára og er samvinnuverkefni Ungmennahússins í Rósenborg sem býður upp á ráðgjafarþjónustu, Heilsugæslunnar, geðdeildar sjúkrahússins á Akureyri, framhaldsskólanna, Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar, lögreglunnar og fleiri stofnana. Heilsugæsluþjónusta Akureyrarbæjar býður að auki upp á móttöku ungs fólks þrjá tíma í viku. Móttökunni er ætlað að sinna þörfum þeirra sem eiga við tilfinningaleg vandamál að stríða, kvíða, depurð, áfengis- og vímuefnavandamál, einelti, kynsjúkdóma eða vilja ræða getnaðarvarnir og kynlífsvandamál. Ungmenni þurfa ekki að panta tíma. Þá er starfandi Skólasmiðja undir Félagsmiðstöðvum Akureyrar. Skólasmiðja er úrræði sem unnið er í samvinnu með barnavernd, fræðslusviði, fjölskyldusviði og grunnskólum bæjarins. Úrræðið er forvarnarstarf í viðum skilningi þar sem einstaklingi er mætt þar sem hann er staddur og unnið að markvissum framförum sem metin eru reglulega. Markmið Skólasmiðju er að mæta þeim nemendum sem glíma við mikinn skólaleiða, hafa slaka skólasókn og hafa sótt önnur úrræði án árangurs. Þessi aðgerð verður skoðuð reglulega og leitað leiða til að bæta aðgengi ungmenna að sálfræðiþjónustu án milligöngu.

- Akureyrarbær eigi frumkvæði að samtali við framhaldsskóla bæjarins til að auka skilning og sveigjanleika gagnvart andlegum veikindum. Tækifærum barna og ungmenna til að leita sér aðstoðar vegna andlegrar vanlíðan verði aukin.

Tímarammi: Fundir með fulltrúum framhaldsskóla vorið 2019.

Staða: Enn á eftir að formgera þetta og telst aðgerð enn ólokið.



Mynd frá Stórþingi ungmenna. Ungmenni kalla eftir betra aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu. Rán Flygering teiknaði.

Ungmennaráð

Ábyrgð: Sviðsstjóri samfélagssviðs

Unnið verði að því að skýra enn frekar hlutverk ungmennaráðs innan stjórnarsýslunnar sem tryggir að það hafi beina tengingu við kjörna fulltrúa og starfsmenn bæjarins.

- Bæjarstjórn vinni að gerð verkferla sem skýra hlutverk ungmennaráðs og tryggja að bæjarstjórn, bæjarráð og nefndir sendi öll mál er varða börn og ungmenni til umsagnar. Verkferlarnir skulu einnig tryggja að ungmennaráð geti sett mál í formlegan farveg innan stjórnarsýslunnar.

Tímarammi: Verkferlar frá bæjarstjórn tilbúnir haustið 2019.

Staða: Verkferlar eru í vinnslu og verða tilbúnir á vordögum. Þeir munu vera kynntir

bæjarstjórn, formönnum ráða og nefnda og sviðsstjórum við fyrsta tækifæri.

- Tryggt verði að ungmennaráð hafi forsendur til að vinna með stjórnkerfi bæjarins og hafi fengið fræðslu um hvernig koma eigi málefnum á framfæri. Ungmennaráð geti lagt fram óskir um fræðslu.

Tímarammi: Ungmennaráð fær árlega fræðslu um stjórnsýslu sveitarfélagsins og hvernig ákvarðanir eru teknar.

Staða: Kosið var í fyrsta sinn í ungmennaráð í lok árs 2019 og varð mikil endurnýjun á fulltrúum í ráðið. Ungmennaráðsfulltrúar munu því fá fræðslu um stjórnsýslu sveitarfélagsins á vordögum. Ungmennaráð kallaði eftir fræðslu um nefndarlaun og greiðslur fyrir fundarsetu og sinnti sviðsstjóri stjórnsýslusviðs þeirri fræðslu.

- Ungmennaping verði haldið ár hvert og tekur ungmennaráð virkan þátt í skipulagningu og vali á þema/umræðuefni. Unnin verði samantekt á stöðu og þróun mála er varðar börn og ungmenni og lögð fyrir á ungmennapingi.

Tímarammi: Ungmennaping haldið á hverju hausti.

Staða: Stórping ungmenna hefur verið haldið tvisvar; 2017 og aftur 2019. Ungmennaráð sá nær alfarið um Stórping ungmenna 2019 með aðstoð verkefnastjóra Barnvæns sveitarfélags. Ungmennaráð bar ábyrgð á að ákveða þema stórþingsins, það setti saman umræðuspurningar þingsins, settu þing ásamt því að stýra umræðum vinnuhópa. Niðurstöður þingsins 2017 skiluðu sér að stórum hluta í aðgerðaráætlun Barnvæns sveitarfélags 2019-2021. Stórping 2019 er upphaf að næsta kortlagningarferli sem er nú þegar hafið.



Mynd frá Stórþingi ungmenna. Ungmenni kynrir niðurstöður umræðna úr sínum hópi. Mynd: Ragnar Hólm.

- Ungmennaráð kynni á hverju ári starfsemi ráðsins fyrir börnum og ungmennum bæjarins. Börn og ungmenni geti haft samband við ráðið með málefni er þeim þykir mikilvægt að koma á framfæri við bæjaryfirvöld. Kynntar verði leiðir til að hafa samband við ráðið t.d. gegnum tölvupóst eða samfélagsmiðla ráðsins.

Tímarammi: Áætlun um kynningu á ungmennaráði og starfsemi þess tilbúin vorið 2019.

Staða: Ungmennaráð kynnti starfsemi ráðsins á Stórþingi ungmenna og fór að auki inn í alla grunnskóla Akureyrar og báða framhaldsskóla með stutta kynningu á starfi sínu og hlutverki. Þá kynntu þau að auki þau verkefni sem ungmennaráð hefur unnið að síðustu ár.

- Ungmennaráð fundi með börnum og ungmennum sem sitja í skóla- og nemendaráðum.

Tímarammi: Fundir ungmennaráðs með börnum og ungmennum í skóla- og nemendaráðum verði haldnir að minnsta kosti einu sinni á ári.

Staða: Fyrirhugað er að ungmennaráð bjóða fulltrúum nemenda- og skólaráða á sameiginlegan umræðufund haustið 2020, skömmu fyrir kosningar í ungmennaráð sem stefnt

er að halda í október 2020.

Skóla- og nemendaráð

Ábyrgð: Sviðsstjóri fræðslusviðs

Tryggt verði að nemendur eigi fulltrúa í öllum skólaráðum lögum samkvæmt og að nemendaráð séu starfandi við alla skóla bæjarins. Tryggja þarf að börn sem sitja í ráðunum fái fræðslu um hlutverk sitt og hvert þau geti leitað eftir frekari upplýsingum eða stuðningi vegna þess. Hlutverk og verklag ráðanna sé skýrt, samræmt og reglulega endurskoðað.

- Tryggt að tveir fulltrúar nemenda sitji í skólaráðum allra grunnskóla bæjarins og þeir kosnir samkvæmt reglugerð um skólaráð. Fulltrúunum standi til boða fræðsla um hlutverk sitt og stuðningur vegna mála sem upp geta komið í ráðunum.

Tímarammi: Hlutverk og verklag skóla- og nemendaráða samræmt og samþykkt haustið 2019.

Staða: Haft var samband við alla skólastjórnendur og sitja tveir fulltrúar nemenda í skólaráðum allra grunnskóla sem kosnir voru samkvæmt reglugerð um skólaráð. Að auki fengu fulltrúar fræðslu um hlutverk sitt.

- Unnið að reglum og verklagi vegna skóla- og nemendaráða og skulu þær yfirfarnar í upphafi hvers skólaárs eftirleiðis.

Tímarammi: Lok árs 2019.

Staða: Skóla- og nemendaráð vinna samkvæmt reglum og verklagi slíkra ráða.

- Nemendur fái fræðslu um skólaráð og hlutverk þess áður en þeir taka sæti í ráðinu. Útbúinn verði fræðslupakki með hliðsjón af Handbók um skólaráð – fyrir skólaráð sem Heimili og skóli hefur gefið út.

Tímarammi: Fræðsla samkvæmt fræðslupakka til fulltrúa í ráðunum haustið 2019.

Staða: Notast hefur verið við Handbók um skólaráð – fyrir skólaráð fyrir fulltrúa skóla- og nemendaráða. Handbók um skólaráð – barnvæn Akureyri, er í vinnslu og verður lokið í árslok 2020.

- Tryggt að nemendaráð starfi í öllum grunnskólum bæjarins.

Tímarammi: Hvert skólaár.

Staða: Það eru starfandi nemendaráð í öllum grunnskólum bæjarins og er kosið í slíkt á hverju hausti.

Stjórnsýsla

Ábyrgð: Sviðsstjóri samfélagssviðs

Markvisst verði tekið mið af réttindum barna við allar ákvarðanir er varða börn og ungmenni með einum eða öðrum hætti. Það verði gert meðal annars með því að innleiða notkun gátlista sem taka mið af réttindum og þátttöku barna; með því að safna gögnum um lífsskilyrði barna í sveitarfélaginu og nýta þau við ákvarðanatöku og stefnumótun; með því að eiga reglulegt samráð við ungmennaráð og leita upplýsinga hjá börnum og ungmennum um þjónustu bæjarins.

- Gátlistar sem tryggja að sjónarmið barna séu höfð til hliðsjónar við allar ákvarðanir er hafa áhrif á börn, verði innleiddir hjá öllum sviðum, ráðum og nefndum. Námskeið verði haldin fyrir starfsfólk bæjarins og kjörna fulltrúa í notkun gátlistanna.

Tímarammi: Gátlistar tilbúnir í árslok 2019 eða 2020?. Ársfjórðungslega verði haldið námskeið í notkun gátlistanna fyrir nýja starfsmenn.

Staða: Útbúinn var gátlisti fyrir stjórnsýslu Akureyrarbæjar og var þar stuðst við gátlista Barnvænna sveitarfélaga í Lundi, Svíþjóð.

- Útbúinn verði gagnagrunnur/viðmót sem heldur utan um allar rannsóknir og tölfraðileg gögn sem verða til um börn og ungmenni í bænum.

Tímarammi: Undirbúningur hafinn að vinnu við gagnagrunn um rannsóknir árið 2019.

Gagnagrunnurinn kynntur í upphafi árs 2020.

Árangursviðmið: Að gagnagrunnurinn verði tilbúinn í lok árs 2019.

Staða: Akureyrarbær mun nýta sér Mælaborðið, sem er sameiginlegt verkefni

Kópavogsbæjar, Félagsmálaráðuneytisins og UNICEF, en markmið mælaborðsins er að fá fram betri mynd af almennri stöðu barna í samfélaginu hverju sinni og getur því beint sjónum sveitarfélaga að þeim verkefnum sem þarf að forgangsraða. Þessi viðamikli gagnagrunnur

mun nýtast sveitarfélaginu vel.

- Gagnagrunnur/viðmót um tölfræðileg gögn um börn á Akureyri verði kynntur fyrir starfsfólki bæjarins og kjörnum fulltrúum, gögnin gerð aðgengileg og þau markvisst notuð við ákvarðanatöku og stefnumótun af hálfu bæjarins.

Tímarammi: Greining gerð á hverju vori.

Staða: Um leið og Mælaborðið verður tekið í notkun á Akureyri mun fara fram fræðsla og kynning á gögnum sem nýta má í alla ákvarðanatöku.

- Nýting frístundastyrks verði greind með það að markmiði að finna þau börn sem nýta ekki frístundastyrkinn. Foreldrum þeirra boðið upp á aðstoð við að nýta styrkinn eða önnur tilboð um tómstundir með hagsmuni barna að leiðarljósi. Skimað eftir börnum sem ekki hafa nýtt styrkinn undanfarin 3 ár og skýringa leitað.

Tímarammi: Eftir hvert skólaár.

Staða: Markvisst er haldið utan um gögn um nýtingu frístundastyrks en vegna persónuverndarlaga er flókið að fara í beinar aðgerðir sem miðast að ákveðnum hópum. Farnar eru ýmsar leiðir til að minna viðkvæma hópa á frístundastyrkinn og í samvinnu við deildarstjóra íþróttamála hjá Akureyrarbæ var ákveðið að leggja spurningarkönnun fyrir foreldra allra barna á Akureyri að vori 2020 og má þar nálgast upplýsingar um nýtingu frístundastyrks og er þá hægt að bregðast við.

Fræðsla

Ábyrgð: Sviðsstjórar

Boðið verði upp á fræðslu sem tryggi að allir starfsmenn og kjörnir fulltrúar auk barna og ungmenna sem búa á Akureyri hafi þekkingu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og geti sett réttindin samkvæmt honum í samhengi við daglegt líf barna og ungmenna.

Barnasáttmálinn er nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri af starfsfólki og kjörnum fulltrúum.

- Samþykkt verði skýrt verklag um tilkynningaskyldu starfsfólks sem vinnur með börnum (viðbragðsáætlun).

Tímarammi: Verklagið kynnt fyrir árslok 2019 og yfirfarið árlega.

Staða: Barnavernd í samvinnu með verkefnastjóra Barnvæns sveitarfélags útbjó skýrt verklag og viðbragðsáætlun þegar vaknar grunur um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna og setti upp í rafræna handbók sem er aðgengileg á heimasíðu Akureyrar. Að auki var hannað rafrænt tilkynningarform fyrir starfsmenn stofnana, almenning og fyrir börn. Mikilvægt þótti að auðvelda fólki tilkynningar til barnaverndar.



Mynd af verklagi úr viðbragðsáætlun Akureyrarbæjar vakni grunur um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barna.

• Börn og ungmenni frá 4. bekk og upp í 10. bekk fái fræðslu um tilkynningaskyldu, verklag sveitarfélagsins og viðbragðsáætlun.

Tímarammi: Kynningar- og fræðsluleiðir útfærðar fyrir árslok 2019.

Staða: Barnavernd ásamt verkefnisstjóra Barnvæns sveitarfélags vann sameiginlegan fræðslupakka um réttindi barna og tilkynningarskylduna. Fræðslan mun fara inn í alla skóla Akureyrar frá 4. – 10. bekk og hefst haustið 2020. Gert er ráð fyrir að fræðslan muni taka

starfsmenn heilt skólaár og mun ná til þeirra skóla sem Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar þjónustar auk þeirra 9 grunnskóla sem tilheyra Akureyrarbæ.

- Ungmennaráð fái fræðslu um barnvæn sveitarfélög og Barnasáttmálann og sinnir jafningafræðslu til barna í grunnskólum bæjarins. Ungmennaráð meti fyrir hvaða aldurshóp fræðslan henti. Jafningjafræðslan verði greidd samkvæmt samkomulagi.

Tímarammi: Ungmennaráð fái fræðslu í upphafi hvers árs. Áætlun um jafningjafræðslu liggir fyrir að hausti 2019.

Staða: Ungmennaráð fær fræðslu um barnvæn sveitarfélög og Barnasáttmálann.

Ungmennaráð hefur ekki sinnt jafningjafræðslu til þessa þar sem ungmennaráðsfulltrúar eru að stórum hluta nýir í ráðinu og gengur erfiðlega að finna tíma í þá vinnu sem fylgir því að setja upp fræðslu og fara inn í skólana. Ungmennaráð er upptekið ungt fólk með mörg verkefni á sinni könnu. Það hefur hins vegar sýnt áhuga á því að taka að sér þetta verkefni og verður unnið að því skólaárið 2020-2021.

- Allt starfsfólk Vinnuskóla Akureyrar fái fræðslu um barnvæn sveitarfélög og Barnasáttmálann.

Tímarammi: Fyrsta fræðslan verði sumarið 2019.

Staða: Allir starfsmenn Vinnuskóla Akureyrar bæði ungmenni og flokkstjórar, fengu fræðslu um Barnvæn sveitarfélög og Barnasáttmálann sem hluta af sinni vinnu sumarið 2019. Þetta verður endurtekið árlega.

- Regluleg fræðsla um Barnasáttmálann verði í boði fyrir kennara, starfsfólk grunnskóla og aðra sem starfa með og fyrir börn.

Tímarammi: Fræðsluáætlun liggir fyrir haustið 2019.

Staða: Allar stofnanir Akureyrarbæjar hafa fengið fræðslu um Barnvænt sveitarfélag og Barnasáttmálann ásamt skólastjórnendum. Þá hefur verið boðið upp á fræðslu inn í leikskólum og á foreldrafundum grunnskólanna svo eitthvað sé nefnt.

- Efni um innleiðingu Barnasáttmálans verði aðgengilegt og uppfært á heimasíðu sveitarfélagsins.

Tímarammi: Uppfært jafnóðum.

Staða: Barnvænt sveitarfélag ásamt barnavernd hafa fengið stærri sess á heimasíðu bæjarins og er aðgengilegt og uppfært.

- Hvert svið Akureyrarbæjar tilnefni réttindafulltrúa sem hefur það hlutverk að vinna að innleiðingu Barnasáttmálans innan sinnar starfsstöðvar og sjá til þess að fræðsla um Barnasáttmálann og innleiðingu hans sé í boði.

Tímarammi: Réttindafulltrúar tilnefndir á öllum sviðum fyrir mitt ár 2019.

Staða: Öll svið Akureyrarbæjar hafa tilnefnt réttindafulltrúa og hafa allir fulltrúar fengið fræðslu um verkefnið Barnvænt sveitarfélag og Barnasáttmálann. Fyrsti fundur fór fram haustið 2019 og er næsti fundur settur á vordögum 2020.

Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags

Ábyrgð: Sviðsstjóri samfélagssviðs

Samfara því að Akureyri innleiðir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna leggur UNICEF áherslu á að ráðinn verði verkefnisstjóri sem ber ábyrgð á innleiðingu Barnasáttmálans og verkefninu barnvænt sveitarfélag. Hann er sérstakur tengiliður við börn á Akureyri, stjórnarsýsluna og ungmennaráð. Verkefnisstjórinn ber ábyrgð á að aðgerðaáætlun barnvæns sveitarfélags og eftirfylgni með henni og kallar eftir gögnum því til staðfestingar. Verkefnisstjórinn talar máli barna innan kerfisins og kallar rétta aðila að borðinu þegar svo ber undir ásamt því að sinna fleiri verkefnum er hafa með innleiðingu Barnasáttmálans og velferð barna á Akureyri að gera.

- Undirbúningur hefjist fyrir ráðningu starfsmanns verkefnisstjóra barnvæns sveitarfélags á Akureyri.

Tímarammi: Lokið í janúar 2019.

Staða: Ráðinn var verkefnisstjóri Barnvæns sveitarfélags hjá Akureyrarbæ og tók hann til starfa 1. maí 2019.

- Opnuð verði skrifstofa verkefnisstjóra barnvæns sveitarfélags og skal hún vera aðgengileg börnum og í barnvænu umhverfi. Opnunartími skrifstofunnar verði aðlagður að skólatíma. Verkefnisstjórinn heimsæki alla grunnskóla og á gott og stöðugt samtal við þá.

Tímarammi: Lokið í mars 2019.

Staða: Skrifstofa verkefnastjóra er til húsa í Rósenborg þar sem Félagsmiðstöðvar Akureyrar og ungmennahús eru einnig til húsa og því í afar barnvænu umhverfi. Opnunartími skrifstofunnar er sveigjanlegur og breytist eftir þörfum. Verkefnisstjóri hefur heimsótt alla grunnskóla Akureyrar, báða framhaldsskólana og einhverja leikskóla. Það verður endurtekið reglulega.

- Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags óski eftir tillögum frá réttindafulltrúum frá öllum starfstöðvum bæjarins um að hvaða verkefnum unnið skuli að á hverju ári. Þeir verði kallaðir saman tvisvar á ári og boðið upp á hagnýta fræðslu um Barnasáttmálann ásamt samtali um verkefni.

Tímarammi: Lokið haustið 2019.

Staða: Á vorkundi réttindafulltrúa 2020 verður farið yfir hugmyndir að verkefnum sem unnið skal að.

- Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags hafi umsjón með starfsneti réttindafulltrúa, fundi með þeim tvisvar á ári og skipuleggi reglulega fræðslu um Barnasáttmálann og tengd málefni.

Tímarammi: Fundaáætlun réttindafulltrúa liggja fyrir í haustið 2019.

Staða: Réttindafulltrúar hafa fundað einu sinni og fyrir liggur næsti fundur að vori 2020, en þá munu réttindafulltrúar koma með hugmyndir að verkefnum sem vinna skal að á þeirra sviðum.

- Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags hafi umsjón með ungmennaráði.

Tímarammi: Alltaf í gangi.

Staða: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags tók við umsjón ungmennaráðs. Ungmennaráð vann nýja samþykkt sem bærstjórn samþykkti í desember 2019 en samkvæmt henni fær ungmennaráð nú greitt fyrir fundarsetu, heldur fundi mánaðarlega ásamt því að fá fund að vori og hausti með frístundaráði sem eru fræðslumiðaðir. Að auki heldur ungmennaráð bærstjórnarfund unga fólksins einu sinni á ári.

- Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags standi fyrir fræðslu um Barnasáttmálann og barnvæna nálgun fyrir kjörna fulltrúa og bærstjóra við upphaf hvers kjörtímabils eða oftar.

Tímarammi: Undirbúningur að loknum kosningum hverju sinni.

Staða: Fræðsla um Barnasáttmálann og barnvænt sveitarfélag fór inn í öll pólitísk ráð 2018 og verður endurtekið eftir næstu kosningar 2022.

Réttindaskóli og Réttindafrístund UNICEF

Ábyrgð/umsjón: Sviðsstjóri fræðsluviðs

Fyrstu Réttindaskólum UNICEF á Íslandi var veitt viðurkenning 20. nóvember 2017, á afmælisdegi Barnasáttmálans. Í ljósi þess að Akureyrarbær stefnir að því að verða barnvænt sveitarfélag er það talið jákvætt skref að innleiða einnig réttindaskóla- og frístundaverkefni UNICEF. Í verkefninu er lögð áhersla á að skapa jákvæðan skólabrag sem byggir á þátttöku, jafnrétti og virðingu. Markmið Réttindaskóla og Réttindafrístundar er að byggja upp lýðræðislegt náms- og frístundaumhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkja getu barna til að temja sér gagnrýna hugsun, verða virkari og hæfari þátttakendur í nútímasamfélagi. Með það að markmiði eru grundvallarforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir innan skólans auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, kennara, frístundaleiðbeinanda og annarra starfsmanna skóla- og frístundar. Stefnt skal að því að hefja undirbúning að stofnun Réttindaskóla og Réttindafrístund á Akureyri.

- Hugmyndafræði Réttindaskóla og Réttindafrístundar UNICEF verði kynnt skólastjórnendum á Akureyri.

Tímarammi: Tillögur liggi fyrir í lok árs 2019.

Staða: Allir skólastjórnendur fengu kynningu á hugmyndafræði Réttindaskóla og Réttindafrístundar UNICEF. Haustið 2019 hófust Giljaskóli og Naustaskóli handa við að innleiða Réttindaskóla og Réttindafrístund UNICEF. Að auki eru Trója og Dimmuborgir, félagsmiðstöðvar þessara skóla, í innleiðingarferli. Innleiðing gengur vel og er gert ráð fyrir að henni ljúki 20. nóvember 2020.



Mynd frá undirskrift Réttindaskólanna Giljaskóla og Naustaskóla og UNICEF í desember 2019.

Mynd: Ragnar Hólm.

- Pólítískir fulltrúar og starfsmenn allra stofnana á Akureyri fái fræðslu um Réttindaskóla og Réttindafrístund UNICEF.

Tímarammi: Gert samhliða því að tillögur eru sniðnar, fyrir lok árs 2019.

Staða: Í allri fræðslu um Barnasáttmálann og Barnvænt sveitarfélag er Réttindaskóli og Réttindafrístund UNICEF kynnt og hefur því farið víða.

Lokaorð

Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags telur innleiðingu ganga vel og er það að stórum hluta miklum samhug stjórnenda stofnana og kjörinna fulltrúa að þakka. Ungmennaráð hefur spilað stórt hlutverk í innleiðingarferlinu og hefur rödd þeirra gefið verkefninu vægi. Sumar aðgerðir tóku meiri tíma en áætlað var upphaflega en þó eru allar aðgerðir í vinnslu. Akureyrarbær ákvað að hefja næsta hring í þeim átta skrefum sem spírall innleiðingarferilsins telur og hóf kortlagningu árið 2019 með Stórþingi Ungmenna. Þá er undirbúningur næstu aðgerðaráætlunar hafinn.

Barnaskýrsla Ungmennaráðs

Febrúar 2020

Vegna innleiðingar Barnvæns sveitarfélags á Akureyri

Ungmennaráð Akureyrar, h.e ungmennaráð hefur tekið þátt í þó nokkrum stigum verkefnis Akureyrarbæjar vegna stefnu þeirra í átt að barnvænu samfélagi. Ungmennaráð stóð fyrir stórþingi ungmenna á Akureyri, sem haldið var í annað sinn síðastliðið ár, ungmennaráð sá um uppsetningu þingsins ásamt því að setja og slíta þingfundinum. Ungt fólk úr öllum grunnskólum og framhaldskólum Akureyrar voru viðstödd þingið. Fengu þau kynningu á Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna og unnu með sáttmálann í rýnihópum, með góðum árangri. Ungmennaráð átti sitjandi fulltrúa í skipulagsnefnd innleiðingu Barnasáttmálans árið 2017. Tveir fulltrúar ungmennaráðs sátu einnig pallborðsumræður með umboðsmanni barna Salvöru Nordal og bæjarstjóra Akureyrar Ásthildi Sturludóttir á rokkhátíðinni LÝSU. Í kjölfar innleiðingu barnvæns samfélags hlaut ungmennaráð fleiri og vegameiri mál á borð sitt til yfirferðar. Ungmennaráð hefur hlotið meira vægi innan samfélagsins og er farið að leita meira til ráðsins en áður. Það er fögnuður fyrir ungt fólk að skoðanir okkar og álit hafa fengið meira gildi, en alltaf má gott bæta. Vert er að nefna þrátt fyrir að ungmennaráðið sé orðið þýðingarmeira er en skortur á að skína ljósi á skoðanir ungmenna utan bæjarmarka og eru þau sett í stöðu misréttis í samanburði við ungmennaráðið og ungt fólk innan Akureyrar, þetta þarf að bæta ef bærinn vill halda viðurkenningu sinni sem barnvænt samfélag. Akureyrarbær getur ekki litið framhjá skoðunum ungs fólks sem tilheyra sveitarfélaginu öllu og einungis einblínt á þann hóp sem hentar þeim best. Viðurkenning bæjarins á ekki að vera einhver fallegur hlutur sem lítur vel út á blaði heldur á hún að varpa ljósi á skoðanir ungmenna í sveitarfélaginu öllu, orðum þurfa nefnilega að fylgja athafnir. Í mars 2019 fékk ungmennaráð að halda fyrsta Bæjarstjórnarfund Unga Fólksins í sögu Akureyrarbæjar þar sem allir fulltrúar ungmennaráðs fluttu erindi og stýrðu fundinum. Ráðið lét þá í ljós hinar ýmsu skoðanir um málefni bæjarins og allra helst mál sem snerta ungmenni. Við teljum með bæjarstjórnarfund síðastliðins árs og innleiðingu barnvæns samfélags miði hlutunum áfram en við erum hvergi nærri hætt . Skoðanir unga fólksins geta nefnilega og eiga, að hafa áhrif.

Fyrir hönd ungmennaráðs Akureyrar:

Ari Orrason

Brynjólfur Skúlason

Embla K. Blöndal

Gunnborg Petra Jóhannsdóttir

Helga Sóley Tulinius

Hildur Lilja Jónsdóttir

Ísabella Ingvarsdóttir

Páll Rúnar Bjarnason

Rakel Alda Steinsdóttir

Thelma Ósk Þórhallsdóttir

Pura Björgvinsdóttir